



FRÉTTABRÉF

RITSTJÓRN: ÁSTA SÓL KRISTJÁNSDÓTTIR
HALLDÓR ÁRNASON (ÁBM.)

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA

13. ÁGÚST 2012 - 2. TBL

„LANGAR EKKI AÐ FARA HEIM“

Fjórtándi hópur þátt-takenda Snorraverkefnis-ins útskrifaðist þann 19. júlí síðastliðinn. „Snorrarnir“ kynntu lokaverkefni sín og nefndu flestir að fjöl-skyldutengslin hefðu verið mikilvægasti hluti

verkefnisins. „Mig langar ekki að fara heim,“ sagði Kayli Henrikson frá Markerville, Alberta í Kanada og Sacha Gudmundson frá Ontario fylki í Kanada bætti við: „Ég get ekki beðið eftir að afi minn hitti ættingjana

sem ég dvaldi hjá í Reykholti“ en allir 16 þátttakendur dvöldu hjá ættingjum. Þann 16. ágúst hefja 11 manns þátttöku í Snorra Plus og ætla flestir að taka þátt í 10 km Reykjavíkurmörðunum.

Aagot Árnadóttir var ein af þeim sem greiddi félagsgjaldið á réttum tíma og hreppti hún frímiða fyrir 2 með Icelandair.

Til hamingju Aagot!



Úr móttöku með Snorrunum, stjórnarfólki, styrktar- og samstarfsaðilum þann 15. júní síðastliðinn

ÞJÓÐRÆKNISÞING Á AKUREYRI 25. ÁGÚST

Árlegt Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið á Akureyri laugardaginn 25. ágúst n.k. Þingið verður haldið í Safnarðaheimili Akureyrar-kirkju og hefst klukkan 14. Meðal gesta á þinginu verður Ron Goodman, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi. Þá mun Sunna (Pam Olafson-Furstenau) halda erindi í

máli og myndum sem hún nefnir „The love of Iceland in America“ þar sem hún segir sögu Íslendinga í Norður Ameríku. Ennfremur mun Brad Hirst, forstöðumaður sumarbúða fyrir börn af íslenskum uppruna greina frá starfsemi búðanna. Einnig verður

umræða um framtíðaráherslur í starfsemi Þjóðræknisfélagsins. Þingið er haldið í samstarfi við 150 ára afmælishátíð Akureyrarbæjar. Félagsmenn og allir áhugasamir um starfsemi ÞFÍ og samskipti við afkomendur Vestur Íslendinga eru hvattir til að mæta.

EFNI

ÍSLENDINGA-HÁTÍÐIR 2

ALMAR AÐSTOÐ-ARRITSTJÓRI LH 2

LANDNÁM ÍSLENDINGA Í BANDARÍKJUNUM 2

WINNIPEG FÁLKARNIR 3

TILBOÐ TIL FÉLAGSMANNA 3

FERÐ Á ÍSLEND-INGASLÓÐIR Í OKTÓBER 4

„LOVE OF ICELAND IN AMERICA“ 4

ÍSLENDINGAHÁTÍÐIR Í MOUNTAIN OG GIMLI



Connie Magnusson-Schimnowski ásamt Þrúði Helgadóttur

Íslendingahátíðin August the Deuce í Mountain í Norður-Dakóta fór fram í 113. sinn dagana 3.- 4. ágúst síðastliðinn. Þá var Íslendingadagurinn í Gimli haldinn hátíðlegur í 123. sinn 5. - 6. ágúst. Heiðursgestir á báðum hátíðunum voru Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins og kona hans Þóra Margrét Baldvinsdóttir. Fulltrúar Þjóðræknisfélags Íslendinga bæði í Mountain og Gimli voru Halldór Árnason forseti ÞFI og kona hans Anna Björg

Eyjólfsdóttir. Kvennakór Akureyrar skemmti á báðum hátíðunum. Aðalhátíðisdagurinn í Mountain var laugar-dagurinn 4. ágúst og í Gimli mánudaginn 6. ágúst. Hófust þeir að venju með skrudgöngu og hljóðfæraleik þar sem hátíðargestum var ekið um í opnum glæsivögnum auk þess sem fjölmargir fulltrúar ýmissa hópa tóku þátt í göngunni. Eftir hádegi þessa daga var hátíðardagskrá með ræðuhöldum, söng og

dansi. Í hátíðarhöldunum í Gimli var fjallkona ársins áberandi en að þessu sinni var Connie Magnusson-Schimnowski þess heiðurs aðnjótandi. Aðalskipuleggjendur hátíðarinnar í Mountain voru hjónin Björk og Curtis Olafson sem er forseti Íslendingafélagsins í Mountain og Loretta Bernhoft stjórnarmaður í Íslendingafélaginu og ræðismaður Íslands í Norður-Dakóta. Forseti Íslendingadagsins í Gimli er Janice Arnason.




Almar aðstoðarritstjóri heldur hér á eintaki af blaðinu

ALMAR GRÍMSSON AÐSTOÐARRITSTJÓRI LÖGBERGS-HEIMSKRINGLU

Nýlega tók stjórn Lögbergs-Heimskringlu ákvörðun um að styrkja öflun fréttæfnis fyrir blaðið með skipun nokkurra aðstoðarritstjóra

sem búa og starfa á ýmsum svæðum í Norður-Ameríku og á Norðurlöndum. Almar Grímsson fyrrv. forseti ÞFI sem hefur verið skipaður sem einn af

þessum aðstoðarritstjórum blaðsins biður alla þá sem vilja skrifa greinar eða hafa ábendingar um efni að hafa samband í tölvupósti almar1604@gmail.com



Jónas Þór á Þingi INL of NA í maí

FRÆÐSLA UM LANDNÁM ÍSLENDINGA Í BANDARÍKJUNUM

Þjóðræknisfélag Íslendinga og Bændaferðir munu standa fyrir fræðslunámskeiði í haust þar sem farið verður yfir elstu landnám Íslendinga í Wisconsin og Minnesota í Bandaríkjunum. Um er að ræða tvö fjögurra kvölda námskeið um þessi svæði sem taka tvo tíma hvert kvöld.

Fyrri námskeiðið verður í október og það síðara í janúar 2013. Bændaferðir munu jafnframt skipuleggja 10 daga ferð um þessi svæði í lok maí 2013 fyrir áhugasama. Námskeiðið sem fram fer í húsakynnum Ferðapjónustu bænda í Síðumúla 2, verður öllum opið á meðan að húsrúm


leyfir. Almennt verð fyrir námskeiðið er 13.000 kr. en félagsmenn Þjóðræknisfélagsins greiða 10.000 kr. Nánari upplýsingar um námskeiðið munu birtast á heimasíðu ÞFI og einnig má hafa samband við Jónas Þór jonas@bendaferdir.is Sími: 570 2796.

WINNIPEG FALCONS—FÁLKARNIR Í WINNIPEG


Nú að afstöðnum Ólympíuleikum er vert að minnst fyrstu ólympísku hetja Kanada, Winnipeg Falcons, sem unnu gullverðlaun í íshokki á leikunum í Antwerpen 1920. Í liðinu sem stofnað var 1908 voru að mestu afkomendur íslenskra landnema í Kanada og má t.d. nefna „Wally“ Byron, Halldor (Slim) Halderson, Konni Johannesson, Magnus (Mike) Goodman, Bobby Benson, Chris Friðfinnsson, og „Huck“ Woodman. Frank Fredrickson var fyrirliði, Fálkanna og þjálfari var Guðmundur (Gordon)

Sigurjónsson. Á þessum leikum í Antwerpen var fyrst keppt í íshokki en þetta voru sumarleikar. Vetrarólympíuleikar voru fyrst haldnir 1924 og þá unnu Kanadamenn einnig gullverðlaun. Uppistaðan í því liði voru leikmenn frá Toronto. Árið 2006 myndaðist sterk hreyfing í Manitoba til að minnst Fálkanna að verðleikum því að íshokkisamband Kanada hafði orðið á þau mistök að nefna opinberlega að fyrstu ólympíumeistarar Kanada í íshokki hefðu verið krýndir 1924 og Fálkanna í

engu getið. Eftir harða baráttu Manitobamanna og mikla umfjöllun um gervalla Kanada var þetta leiðrétt en hin opinbera skýring var að sigur Fálkanna 1920 hefði ekki verið á vetrarólympíuleikum. Í framhaldi af þessu voru gefnar út tvær bækur „When Falcons fly“ eftir David Square þar sem greint er frá sögu Fálkanna. Áður en þessi mikla hreyfing hófst hafði Kathleen Arnason rithöfundur, skrifað barnabók sem ber titilinn „Falcons Gold“ og er hún myndskreytt af Luther Pokrant.



Að ofan: Bók Davids Square
Að neðan: Bók Kathleen Arnason



ÁSKRIFTARTILBOÐ LÖGBERGS-HEIMSKRINGLU

Stjórn tímaritsins Lögbergs-Heimskringlu, sem komið hefur út í Winnipeg í Kanada samfelld frá árinu 1886, býður félagsmönnum Þjóðræknisfélags Íslendinga áskrift að blaðinu í rafrænu formi á CAD 20,- á ári. Tímaritið sem kemur út 24 sinnum á ári flytur margvíslegar fréttir og fróðleik af starfsemi sem tengist fólki af íslenskum ættum í Norður Ameríku. Nánari upplýsingar um tilboðið er hægt að fá á skrifstofu ÞFÍ, á Þjóðræknisþingi ÞFÍ sem

haldið verður á Akureyri laugardaginn 25. ágúst n.k. og á fyrirlestrum Sunnu Pam Olafson Furstenau í lok ágúst og í byrjun september. Þá hefur Lögberg-Heimskringla nýlega gefið út bækling í 10 þúsund eintökum. Í bæklingnum eru fjölmargar litskrúðugar myndir og upplýsingar um margvíslega starfsemi sem tengist Íslandi og Íslendinga-félögunum í Norður Ameríku. Tímaritið Lögberg Heimskringla kemur fyrir sjónir yfir

10.000 lesenda af íslenskum ættum í Norður Ameríku. Það ætti því að vera mikill akkur fyrir íslensk ferðabjónustu-fyrirtæki að auglýsa starfsemi sína í Lögbergi-Heimskringlu og hvetja lesendur til að heimsækja Ísland, land forfeðra sinna. Allar upplýsingar um blaðið má fá á heimasíðu þess: www.lh-inc.ca

View the L-H
Promo Booklet
Here!



Bæklinginn má nálgast á eftirfarandi link: www.lh-inc.ca/documents/LHPromoBookJune2012web.pdf



Óðinsgötu 7
101 Reykjavík

Sími: 534-0017

Fax: 562-8296

Netfang: astasol@snorri.is

Heimasíða: www.inl.is

VILTU VERA Á PÓSTLISTA
ÞFÍ?

SENDU POST Á
ASTASOL@SNORRI.IS

FINNDU
OKKUR Á facebook

SKEMMTILEG FERÐ Á SLÓÐIR VESTUR-ÍSLENDINGA Í OKTÓBER 2012

Kent Lárus Björnsson hefur um langt skeið starfað með Þjóðræknisfélagi Íslendinga og m.a. séð um akstur í mörgum ferðum Snorranna um Ísland. Kent Lárus, sem er frá Gimli í



Kent Lárus ásamt móður sinni,
Valdine en hann skipuleggur
iðullega heimsóknir fjölskyldunnar
til landsins. Nú kynnir hann
Íslendingum sínar heimaslóðir.

Manitoba, hefur búið á Íslandi frá árinu 2001. Hann hefur öðlast réttindi sem leiðsögumaður og skipuleggur nú vikuför í samstarfi við KGB Tours um miðjan október næstkomandi þar sem farið verður um slóðir íslensku landnemanna í Minnesota, Norður-Dakóta og á Nýja Íslandi í Manitoba. Gengin verður „Walk to the Rock“ sem er sama leið og Íslendingar gengu árið 1875, þegar þeir komu fyrst til Nýja Íslands. Þeir sem vilja vita nánar um fyrirhugaða ferð geta farið á vefinn <http://vefir.mh.is/kentb/Gimli2012.htm> eða haft samband við Kent Lárus á netfangið kentb@mh.is eða í farsíma 692-0240.

„Sunna“ ferðast um Ísland með lifandi frásögn

Komið og upplifið áhrifaríka kynningu þar sem sögð er saga Vestur-Íslendinga í Ameríku í máli og myndum. Pam Olafson-Furstenau, sem hefur tekið upp íslenska nafnið Sunna, mun ferðast um landið með þessa áhugaverðu kynningu sem hún nefnir „The love of Iceland in America.“ Sunna, sem er af íslenskum ættum, fæddist á svæði íslensku landnemanna í Norður-Dakóta og hefur sýnt íslenskri arfleifð sinni

einstakan áhuga í verki. Erindið tekur um 40 mínútur í flutningi en að því loknu svarar hún fyrirspurnum þátttakenda. Sunna á sæti í stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga sem fulltrúi Íslendingafélaganna í Bandaríkjunum. Jafnframt er hún annar varaforseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (Icelandic National League of North America) og aðstoðarritstjóri við

blaðið Lögberg-Heimskringla í Norður-Dakóta. Þá starfar hún við ættfræðirannsóknir Vestur-Íslendinga, rannsóknir á sögu íslensku landnámsins í Norður Ameríku og ýmsum tengdum verkefnum. Þar má nefna verkefnið „Cousins Across the Ocean“ sem hefur það að markmiði að tengja saman Íslendinga við ættfólk sitt í Norður Ameríku. Nánari upplýsingar um Sunnu er að fá á heimasíðu hennar: www.rootstotrees.com

Fyrirlestrar Sunnu eru styrktir af International Visit Program, ÞFÍ og Jeff Furstenau. Dagskrá:
Ágúst:

- 18. Reykjavík / Menningarnótt
 - 19. Eyrarbakki, Húsið kl. 18
 - 21. Egilsstaðir, Hlynsalir kl. 20
 - 22. Vopnafjörður, Kaupvangur
 - 24. Húsavík. Safnahúsið kl. 17
 - 25. Akureyri, Safnaðarheimili Akureyrarkirkju kl. 14
 - 27. Hofsós
 - 28. Sauðárkrúkur, Safnahúsið kl. 20
 - 29. Blönduós
 - 31. Ísafjörður, Grunnskólinn kl. 20
 - 31. Ísafjörður Háskólasetrið kl. 12
- September:
- 03. Stykkishólmur
 - 04. Borgarnes